

Akureyrarbær
Sviðsstjóri skipulagssviðs
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík 19. janúar 2018
UST201712-067/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Deiliskipulag - Holtahverfi - Akureyrabæ

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulagssviðs Akureyrarbæjar er barst 5. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Holtahverfis á Akureyri


Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er ofangreind lýsing nær til liggur að strandlengju Akureyrar að norðan og Sandgerðisbót að austan og er alls 42,3 ha að flatarmáli. Einnig kemur fram að á svæðinu eru annars vegar klappir og hins vegar mýrar og slétt tún, og að strandlengjan á svæðinu er ein af fáum ósnertum ströndum innan Akureyrarbæjar og að hún verði áfram ósnert.

Einnig kemur fram að á vestari hluta svæðisins séu miklar klappir. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að halda klettum innan byggðar ósnortnum ef þess er nokkur kostur. Umhverfisstofnun tekur undir áherslur vinnuhóps um áætlað deiliskipulag.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur